



Bæjarráð Mosfellsbæjar
Þverholti 2
270 Mosfellsbæ

Mosfellsbæ 21. nóvember 2018

Loftslagsskógur í landi Mosfellsbæjar á Mosfellsheiði

Undirbúningshópurinn „Loftslagsskógar“ á Mosfellsheiði er skipaður fulltrúum Skógræktarfélags Mosfellsbæjar, Skógræktarfélags Reykjavíkur og Kolviðar.

Undirbúningshópurinn hefur vilja til að klæða Mosfellsheiðina skógi til bindingar kolefnis CO₂ en jafnframt því mun verða til ný útivistarparadís auk þess sem slíkur skógur skapar verulegt skjól fyrir þá byggð sem er vestan við hann.

Bakgrunnur þessa máls er í starfi Kolviðar, sem er sjóður í umsjá Skógræktarfélags Íslands og Landverndar er vinnur að því að auka bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi í þeim tilgangi að draga úr styrk koldíoxíðs (CO₂) í andrúmslofti.

Sjóðurinn vinnur að þessu markmiði með því m.a. að:

Gefa fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum tækifæri til þess að gerast kolefnishlutlaus.

Fjármagna aðgerðir til bindingar kolefnis með landgræðslu, skógrækt og öðrum þeim leiðum, sem draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda eftir því sem við getur átt og hagkvæmt talist.

Stuðla að verndun jarðvegs, gróðurs og vatnsauðlindarinnar.

Stuðla að aukinni vitund almennings og fyrirtækja um losun gróðurhúsalofttegunda.

Draga úr heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi.

Kolviður starfar undir eftirliti Ríkisendurskoðunar, Íslenskrar skógarúttektar á Mógilsá og KPMG sem ytri endurskoðenda, sem yfirfara og sannreyna að nauðsynleg plöntun og umhirða eigi sér stað og að fjármunir séu tryggðir til umhirðu þar til trjáræktin hefur skilað þeirri bindingu sem kolefnisjöfnunin miðar að. Miðað er við að það taki gróðurinn, 2.500 plöntur, 60 ár að binda 300 tonn CO₂/ha. og til þess að tryggja að skógurinn fái frið til að vaxa er þinglýst kvöð um slíkt, á það land sem nýtt er undir Kolviðarskóg.

Í dag kolefnisjafna um 40 fyrirtæki losun sína og gróðursetur Kolviður rúmlega 100.000 plöntur á ári til þess að jafna þessa losun. Gert er ráð fyrir að veruleg aukning verði í eftirspurn eftir kolefnisjöfnun á næstu árum og að fram til ársins 2025 þurfi Kolviður að tryggja sér aðgang að 700 – 1.000 ha. lands fyrir allt að 2,5 milljón plantna.

Þar sem Kolviður hefur plantað fram til þessa hefur það verið gert í samstarfi við skógræktarfélag á svæðinu og byggir samstarf þessara þriggja aðila á því að svo verði áfram.

Undirbúningshópurinn sem hefur á að skipa sérfræðingum í skógræktarmálum og veðurfræðum telur að Mosfellsheiðin ætti að geta hentað vel til skógræktar. Til þess að vinna þetta skipulega og faglega hefur hópurinn áhuga á að setja út nokkra rannsóknarreiti, um 100 m² af stærð hvern, og planta þar mismunandi trjategundum til þess að sjá hvaða tegundir og kvæmi henta best fyrir þann jarðveg og veðurfar sem er á heiðinni. Hluti þessara reita væri girtur af og hluti ógirtur til að kanna áhrif ágangs sauðfjár.

Okkur hefur verið bent á að nú þegar sé afmarkað svæði í Aðalskipulagi fyrir skógrækt í landi Mosfellsbæjar á svonefndum Langahrygg og þar hefur Skógræktarfélag Mosfellsbæjar unnið að gróðursetningu.

Undirbúningshópurinn vill kanna vilja Mosfellsbæjar til samstarfs um „Loftslagsskóg“ á eignarlandi bæjarins á Mosfellsheiði.

Skipta má málaleitan þessari þannig:

- a. Að við endurskoðun Aðalskipulags bæjarins verði skilgreint land á Mosfellsheiði til ræktunar „Loftslagsskógar“.
- b. Að gerður verði samningur um leigu á landi undir Kolviðar-/Loftslagsskóg þar sem skilgreind er skógrækt í núverandi Aðalskipulagi og að heimilað verði að þinglýsa slíkum samningi á hluta þess lands til 60 ára, eða þar til áformaðri bindingu CO₂ er náð. Landeigandi á skóginn að binditíma loknum.
- c. Heimilað verði að afmarkaðir verði rannsóknarreitir í landi Mosfellsbæjar á Mosfellsheiði á árinu 2019. Rannsóknirnar yrðu undir stjórn sérfræðinga á Rannsóknastöð skógræktar á Mógilsá.


Undirbúningshópurinn væntir jákvæðra viðbragða og góðrar samvinnu við Mosfellsbæ. Þannig sýnum við samfélagslega ábyrgð og leggjum okkar af mörkum til úrbóta í loftslagsmálum í samvinnu við þau fyrirtæki sem hafa sömu markmið að leiðarljósi.

Með vinsemd og virðingu,

Fh. Kolviður



Fh. Skógræktarfélags
Mosfellsbæjar



Fh. Skógræktarfélags
Reykjavíkur



Kolviðarskógur á Geitasandi sem plantað var á árunum 2007-2014

